

**Sp.**

**151. Tillaga til þingsályktunar**

[123. mál]

um nýtingu raforku til húsa hitunar og verðjöfnun á raforku.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til endurskoðunar fyrri áætlanir um raforkuframleiðslu til húsa hitunar með það fyrir augum, að öllum aðgerðum í þessum efnum verði flýtt svo sem kostur er á. Jafnframt beiti ríkisstjórnin sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum, ef með þarf, til þess að á verði komið jöfnunarverði á raforku til húsa hitunar, þannig að kostnaður við upphitun húsa með raforku verði sambærilegur við hitun húsa á jarðhitasvæðum, þar sem hitaveitur eru fyrir hendi eða verður við komið með eðlilegum hætti.

**Greinargerð.**

Svo sem kunnugt er, hefur verð á olíu hækkað allmikið nú að undanförnun og fyrirsjáanlegar gifurlegar verðhækkningar í náginni framtíð. Kemur þessi verðhækkun sérstaklega hart niður á atvinnurekstri, sem háður er olíunotkun, svo og öllum almenningi í landinu, sem ekki hefur aðstöðu til að nota jarðvarma eða raforku á hagstæðu verði til húsa hitunar.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins munu hafa verið gerðar áætlanir um aukna orkuframleiðslu og aukna sölu á raforku til húsa hitunar. Allar munu þær áætlanir miðaðar við eðlilega þróun þessara mála, þannig að hitun húsa með raforku tæki við af olíukyndingu, en þróun þessi mundi eiga sér stað á nokkuð löngu árabili. Nú hefur hins vegar átt sér stað, svo sem að framan greinir, að verð á olíu hefur snögglega og óvænt hækkað og það svo mjög, að miklum fjárhagserfiðleikum mun valda hjá fjölskyldum með meðaltekjur að standa undir kyndingarkostnaði húsa sinna, ef þau eru utan svæða, þar sem til jarðvarma næst.

Fram að þessu hafa þeir, sem þurft hafa að kynda hús sín með olíu, búið við miklu lakari aðstöðu en þeir, sem á hitaveitusvæðum búa. Hefur þetta óneitanlega skapað verulegan aðstöðumun í landinu og fram að þessu á engan hátt gert ráð fyrir neinni verðjöfnun þar á milli. Við þá breytingu, sem fyrirsjáanlega verður á olíuverðinu til hækunar, verður þessi mismunur enn tilfinnanlegri, og verður ekki annað séð en að stjórnvöld verði að leggja allan þunga á að nýta þá raforku, sem fyrir hendi er í landinu, og gera þegar í stað ráðstafanir til aukinnar orkuvinnslu í því skyni, að veruleg aukning verði á notkun raforku til húsa hitunar, og jafnframt að beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum, ef með þarf, til þess að á verði komið jöfnunarverði á raforku til húsa hitunar, og verði raforkuverð við það miðað, að kostnaður við upphitun húsa með raforku verði eigi meiri en hitunarkostnaður húsa á jarðhitasvæðum, þannig að landsmenn búi allir við sömu aðstöðu varðandi þetta atriði, hvar sem er á landinu.